

um endurskoðun laga um almenningubókasöfn.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög nr. 22 26. apríl 1963, um almenningubókasöfn. Skal sú endurskoðun vera gagnger og við það miðuð, að ríkið veiti á komandi árum stóraukið fjármagn til almenningubókasafna til þess að gera þeim kleift að verða sem lifrænastar mennta- og tólmstundastofnanir, snar þáttur nútíma þjóðlífs og þjóðmenningar. Skal endurskoðun þessari hraðað og frv. til nýrra laga um almenningubókasöfn lagt fyrir Alþingi svo fljótt sem tök eru á.

Greinargerð.

Með lögum frá 26. apríl 1963 um almenningubókasöfn var mikið framfaraspor stigið í bókasafnsmálum og traustur grundvöllur lagður, að því er ýmsa starfshætti og skipulag snerti. Skeleggasti baráttumaðurinn fyrir setningu þeirrar löggjafar og aðalhöfundur hennar, Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, vann á þessu sviði mjög gott brautryðjandaverk, sem þegar hefur skilað miklum árangri. Góð bókasafnshús eru ýmist risin eða að rísa á allmörgum stöðum í þéttbýli, og er góðs að vænta af starfsemi þeirra. Hafa ýmis bæjarfélög sýnt fullan skilning á málefnum bókasafna og kostað verulegu fé til að koma þeim í sémilegt horf. En hlutur ríkisins liggur að verulegu leyti eftir, stuðningur þess fer síminnkandi með ári hverju, eftir því sem verðgildi krónunnar rýrnar, og er nú orðinn svo lítill, að telja verður bæði til skaða og skammar.

Það er að sjálfsögðu kostnaðarsamt að reisa bókasafnshús með nútímasniði, þar sem gera verður kröfu til þess, að húsrými og aðstaða leyfi iðkun fjölbætts menningar- og tólmstundastarfs, sem víða er kostað kapps um að eigi sér stað í góðu almenningubókasafni. Hér á landi hafa slík söfn fyrst og fremst verið útlánasöfn, en nú er sá skilningur óðum að vakna, að hlutverk safnanna eigi að vera miklu viðtækara. En það krefst að sjálfsögðu aukins fjármagns, bæði til byggingar og rekstrar.

Samkvæmt gildandi lögum er landinu öllu skipt í 31 bókasafnshverfi, og er að því stefnt, að eitt stórt bókasafn risi í hverju þessara hverfa. Bæjar- og sveitarfélög standa strama af byggingu og rekstri bókasafnanna, en fá árlegan styrk frá ríkinu. Styrkur þessi er allt of lítill og kemur því að næsta takmörkuðu gagni. Styrkurinn er bundinn við ákveðinn krónufjölda á íbúa og hefur því í raun farið minnkandi ár frá ári vegna verðhækkana, á sama tíma og hann hefði þurft að stóraukast að raungildi sakir þeirrar nauðsynjar, að starfsemi almenningubókasafna sé gerð fjölbættari og lifrænni en áður var. Afleiðingin hefur orðið sú, að þátttaka ríkisins í rekstrarkostnaði safnanna rýrnar með ári hverju, en sveitarfélögin verða að axla æ þyngri byrðar. Í mörgum tilvikum getur ekki hjá því farið, að þessi naumi stuðningur ríkisins komi í veg fyrir eðlilega og nauðsynlega þróun almenningubókasafna.

Hinn 17. marz s. l. birtist í *Alþýðublaðinu* fróðlegt viðtal við núverandi bóka-fulltrúa ríkisins, Stefán Júlíusson rithöfund. Í viðtali þessu er lögð þung áherzla á aukið ríkisframlag til safnanna. Þar segir:

„Héraðssöfnin þurfa að verða eins konar mennta- og fræðslusetur, miðstöðvar menningarverðmæta, er veita fjölbreytta þjónustu og verða lifandi kjarni hvers byggðarlags. Safnahús eru að rísa á ýmsum stöðum um landið, t. d. á Sauðárkróki, Húsavík, Vestmannaeyjum, Akranesi og Borgarnesi, og miklar vonir eru tengdar við framtíð þeirra. Ný og glæsileg bókhlaða hefur þegar verið tekin í notkun á Akureyri og þar hefur útlánaaukningin orðið feiknaleg og aðsóknin að lesstofum sýnir, hvílík þörf er á slíkri þjónustu við safngesti. En við eigum langt í land, þangað til bókasafnsmálin verða komin í viðunandi horf.“

Sá kafli gildandi laga, sem fjallar um sveitarbókasöfn, þarfnast endurskoðunar, einkum að því er tekur til fjárframlaga úr ríkissjóði.

Eitt þeirra atriða, sem gefa þarf sérstakan gaum við endurskoðun laganna, er kaflinn um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana. Á því sviði er óhjákvæmilegt að gera stóráttak, þar eð sá þáttur skólastarfs, sem að notkun handbóka og bókasafna lýtur, hefur víða verið vanræktur svo hróplega, að til hins mesta skaða hefur orðið. Þarf án efa að gera að skyldu að hafa bókasöfn í skólun, senja um það reglugerð og síðast, en ekki sízt leggja af mörkum verulegt fé til að koma skólasöfnum upp og efla þau.

Efling almenningubókasafna okkar og margföldun opinberra fjárframlaga til þeirra er að dómi flutningsmanns þessarar tillögu eitt hið brýnasta og veigamesta verkefni á sviði uppeldis- og menningarmála. Verður að vænta þess, að alþingismenn hafi gert sér ljóst mikilvægi málsins og vilji að því stuðla með samþykkt þessarar tillögu, að lögin um almenningubókasöfn verði endurskoðuð og nægilegs fjármagns aflað til að gera þau virk og áhrifarík.